

20. febrúar 2014

## Sáttatillaga ríkissáttasemjara

### Til eftirtalinna sammingsaðila:

Rafiðnaðarsambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

Sáttatillaga ríkissáttasemjara er að gerður verði eftirfarandi viðauki við kjarasamning milli Rafiðnaðarsambands Íslands og SA sem undirritaður var 21. desember 2013 en hafnað í atkvæðagreiðslu:

### Viðauki

við kjarasamning Rafiðnaðarsambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins  
frá 21. desember 2013

#### 1. gr.

##### **Inngangur**

Kjarasamningur aðila frá 21. desember 2013 tekur gildi 1. febrúar 2014 með þeim breytingum sem kveður á um í 2. og 3. gr. hér að neðan.

#### 2. gr.

##### **Kaupliðir**

Launabreytingar sem kveðið er á um í kjarasamningi frá 21. desember gilda frá og með 1. febrúar 2014.

##### Eingreiðsla

Í stað launabreytingar frá 1. janúar 2014 greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 14.600 m.v. fullt starf, enda hafi starfsmaður starfað í janúar og var enn í starfi 1. febrúar 2014.

##### Desember- og orlofsuppbót

Desember- og orlofsuppbætur hækka samtals um kr. 32.300 frá síðast gildandi kjarasamningi.

Desemberuppbót miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 73.600.

Orlofsuppbót fyrir orlofsárið sem hefst 1. maí 2014 miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 39.500.

#### 3. gr.

##### **Gildistími**

Kjarasamningurinn gildir til 28. febrúar 2015 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

4. gr.

**Atkvæðagreiðsla**

Niðurstaða atkvæðagreiðslu skal tilkynna viðsemjanda og ríkissáttasemjara fyrir kl. 12.00 7. mars 2014.

Reykjavík, 20. febrúar 2014

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands  
vegna aðildarfélaga

Kristín Þórunn Sveinsson  
Ragnygr Þórunn  
Þórunn Sveinsson  
Eiríkur Þórunn  
Dagný Arsl. Þórunn  
Hildur Þórunn  
Höndur Þórunn  
Þórunn Sveinsson Þórunn

F.h. Samtaka atvinnulífsins



### Bókun vegna orlofs- og desemberuppbótar sem greidd er út jafnharðan með tímakaupi

Með sáttatillögu ríkissáttasemjara hækka orlofs og desemberuppbætur um kr. 30.000 umfram þá 2,8% hækkun sem gert er ráð fyrir í kjarasamningi frá 21. desember 2013. Orlofsuppbót hækkar um kr. 10.000 og desemberuppbót um kr. 20.000. Þar sem orlofs- og desemberuppbætur eru greiddar út jafnharðan með kaupi þá hækka þessar uppbætur um samtals kr. 14,43 á klst. í dagvinnu frá 1. febrúar 2014. Hækkun orlofsuppbótar er þar af kr. 4,81 á klst. og desemberuppbót kr. 9,62 á klst. Þessi hækkun uppbóta kemur til viðbótar umsömdu dagvinnutímakaupi eftir 2,8% hækkun launa.

Þar sem hækkun orlofsuppbótar sem hluti tímakaups nær einungis til þriggja mánaða á orlofsárinu 2013 – 2014 (feb. – apríl 2014) greiðist eigi síðar en 1. júní 2014 mismunur á kr. 10.000 og uppsafnaðri greiðslu, þ.e. kr. 7.200, m.v. fullt starf á orlofsárinu 2013 – 2014 en annars hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall. Með sama hætti greiðist eigi síðar en 15. desember 2014 kr. 1.800 m.v. fullt starf á árinu 2014 en annars hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall á árinu.

Samningsaðilar eru sammála um að mikilvægt sé við ráðningu að starfsmaður sé upplýstur um hvort uppbætur séu innifaldar í umsömdu tímakaupi. Það er hlutverk vinnuveitanda að tryggja sönnun þess að uppbætur séu innifaldar í kaupi.

Reykjavík, 20. febrúar 2014

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands



F.h. Samtaka atvinnulífsins

